



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samráð vegna framkvæmda við Laugaveg frá Klapparstíg að Frakkastíg (US210087).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 7. apríl sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði óska upplýsinga um hvort samráð hefur verið haft við rekstraraðila og íbúa vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Laugaveg frá Klapparstíg að Frakkastíg. Hefur verið rætt við þessa aðila hvernig verði að þeim staðið, hvenær framkvæmdir eigi sér stað og hversu langur framkvæmdatíminn verður.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 14. apríl sl.

Svar við fyrirspurn:

Umræddur kafli Laugavegar var nýlega samþykktur sem varanleg göngugata en ekki liggur fyrir hvenær verður farið í breytingar eða framkvæmdir á kaflanum. Þegar að undirbúningi kemur verður samráð haft við rekstraraðila og íbúa.

Síðastliðinn vetur var unnin forhönnun aðgengisbreytinga á Laugavegi við Frakkastíg, þar sem göngugatan er afmörkuð. Hönnuðir svæðisins áttu í góðum samskiptum við þá rekstraraðila sem eru við svæðið, þar sem aðgengi allra inn í þjónusturými verður bætt. Í einu tilfalli verður komið fyrir rampi en í öðrum tilfellum verður yfirborð götunnar hækkað upp að hurðaropi.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri